



Samþykktir Foreldraráðs Gerplu.

1. grein

Foreldraráð er félag foreldra og forráðamanna iðkenda í keppnishópum í Gerplu. Allir foreldrar/forráðamenn iðkenda í keppnishópum eiga aðild að ráðinu. Stjórn foreldraráðs hefur umsjón með verkefnum þess í umboði foreldra.

2. grein

Foreldraráð skal rekið á kennitölu Gerplu. Prókúru á bankareikning ráðsins hefur frjármála- og framkvæmdastjóri Gerplu.

3. grein

Markmið foreldraráðs er m.a.

- Efla og auka samvinnu á milli Gerplu og heimila.
- Vera hagamunaaðilar iðkenda og foreldra.
- Tryggja að foreldrar geti með frumkvæði sínu og hugmyndum eft íþróttastarfið.
- Stuðla að góðu samstarfi milli iðkenda, stjórnenda og þjálfara.
- Stuðla að vellíðan iðkenda.
- Stuðla að innihaldsríku og uppbyggjandi félagsstarfi.
- Stuðla að betri árangri í starfi Gerplu.
- Koma að fræðslumálum með stjórnendum félagsins.
- Aðstoða við mótahald félagsins
- Aðstoða við sýningar félagsins
- Halda utan um fararstjóramál í samstarfi við stjórnendur félagsins.
- Yfirumsjón og samræming með fjáröflunum keppnishópa Gerplu.

Foreldraráðið ákveður hvernig það vill vinna að þessum markmiðum í samráði við stjórn félagsins.

4. grein

Foreldraráð heyrir beint undir stjórn Íþróttafélags Gerplu. Stjórn Gerplu er heimilt að breyta umboði foreldraráðs, t.d. hvað varðar þau verkefni, fjáraflanir og ferðir sem ráðið tekur þátt í og skipuleggur.

Foreldraráð skal þó ekki fara með ákvörðunarvald hvað varðar starfsmannamál, rekstur, skipun þjálfara og aðrar faglegar ákvarðanir félagsins.

5. grein

Aðalfundur foreldraráðs skal haldinn fyrir 1. október ár hvert. Á aðalfundi skal kjósa til stjórnar, fara yfir starfsemi síðastliðins árs og leggja fram reikninga foreldraráðs.

6. grein

Stjórn foreldraráðs skal skipuð átta foreldrum. Reynt skal að tryggja að a.m.k. 2 stjórnarmenn séu frá áhaldafimleikum og 2 frá hópimleikum. Nýir stjórnarmenn eru kjörnir til tveggja ára í senn til að tryggja að þekking og reynsla glattist ekki.

7. grein

Stjórn foreldraráðs kys sér:

- Formann sem jafnframt er tengiliður við stjórn Gerplu
- Ritara sem jafnframt er tengiliður við stjórnendur Gerplu
- Gjaldkera
- Yfirfararstjóra sem er stjórnendum Gerplu innan handar við fararstjórn ef á þarf að halda í samráði við stjórnendur Gerplu
- Tvo fjáröflunarstjóra sem hafa umsjón með því að skipa sjoppu- og fjáröflunarnefnd og eru jafnframt er tengiliður við þær
- Aðalumsjónarmann, sem hefur umsjón með því að umsjónarmenn séu skipaðir fyrir alla hópa og er jafnframt tengiliður við þá
- Fræðslufulltrúa

8.grein

Foreldraráð skal skipa a.m.k. tvo umsjónarmenn fyrir alla keppnishópa Gerplu. Umsjónarmenn skulu vera úr hópi foreldra iðkenda í viðkomandi hópum.

Umsjónarmenn skulu:

- Skipuleggja 2 viðburði fyrir hvern hóp á hverju tímabili og/eða sameiginlega viðburði með öllum hópum félagsins.
- Aðstoða við skipulagningu og framkvæmd í samráði við stjórn foreldraráðs og þjálfara á keppnis- og æfingaferðum iðkenda innanlands og erlendis á vegum Gerplu sem samþykkt hefur verið af stjórn Gerplu að taka þátt í
- Vera tengiliður foreldra við þjálfara
- Aðstoð við mótahald eftir þörfum

9. grein

Foreldraráð skal skipa a.m.k. fimm foreldra í sjoppu- og fjáröflunarnefnd foreldraráðs Gerplu. Sjoppu- og fjáröflunarnefnd er umsjónaraðili fjáröflunarsjoppu og annarra fjáraflana fyrir iðkendur.

10. grein

Foreldraráð getur ekki gert samninga í nafni Gerplu eða skuldbundið Íþróttafélagið Gerplu fjárhagslega eða með nokkrum öðrum hætti. Meðferð fjármuna sem falla til vegna viðburða eða sölustarfssemi sem viðkomandi foreldraráð stendur fyrir skal vera í umsjón framkvæmdastjóra Íþróttafélagsins Gerplu.

11.grein

Aðalstjórn Gerplu hefur áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum Foreldraráðs Gerplu.

12. grein

Stjórn Íþróttafélagsins Gerplu skal boða til fundar með foreldraráði í upphafi hvorrar annar þar sem farið er yfir starfið.

13. grein

Foreldraráð, með aðstoð umsjónarmanna kemur að mótahaldi og viðburðum s.s. eins og:

- Vinna við mót sem Gerpla heldur
- Vinna við sýningar sem Gerpla heldur
- Vinna við aðra viðburði sem Gerpla heldur
- Ein sameiginleg uppákoma á haustönn fyrir keppnishópa, svo sem jólaskemmtun eða aðra skemmtun
- Ein sameiginleg uppákoma á vorönn fyrir keppnishópa, svo sem sundlaugapartý eða aðra skemmtun

14. grein

Foreldraráð skal stuðla að uppbyggilegu félagsstarfi fyrir iðkendur Gerplu í samráði við deildarstjóra og þjálfara Gerplu. Foreldraráði er heimilt að nota félagsaðstöðu félagsins að Versölum til gagns fyrir iðkendur og félagið allt í samráði við stjórnendur félagsins og í samræmi við almennar reglur um notkun húsnæðisins.

15. grein

Foreldraráð skal stuðla að því að foreldrar hvetji börnin sín og annarra á jákvæðan og uppbyggilegan hátt í starfi og leik og bendi þeim á mikilvægi þess að þeir sækji viðburði þá sem börn þeirra taka þátt í eftir fremsta megni.

16. grein

Foreldraráð skipuleggur fræðslufund fyrir iðkendur einu sinni á ári í samvinnu við deildarstjóra Gerplu (t.d. um næringu, íþróttameiðsl, forvarnir o.fl.)

17. grein

Foreldraráð skipuleggur fræðslufund fyrir foreldra/forráðamenn einu sinni á ári í samvinnu við deildarstjóra Gerplu (t.d. um keppnisreglur, mikilvægi heilbrigðra lífshátta, íþróttameiðsl o.fl.)

18. grein

Ber ábyrgð á upplýsingagjöf og skrifum á heimasíðu um þá málaflokka sem undir foreldraráð falla.

19. grein

Foreldraráð skal skila af sér starfsskýrslu til stjórnar Gerplu um starfsemi síðastliðins árs í síðasta lagi 10. júní ár hvert. Foreldraráð gerir grein fyrir starfsemi sinni á liðnu starfsári á aðalfundi og í ársskýrslu íþróttafélagsins Gerplu.